



Húsreglur fyrir leiguíbúðir Hafnarfjarðarbæjar

- 1.gr.** Íbúum er skylt að ganga þrifalega og hljóðlega um sameiginlegt húsrými og lóð. Börn skulu ekki hafa sameiginlegt rými að leikvangi. Íbúum ber ætíð að hafa í huga að valda öðrum íbúum sem minnstu ónæði. Allar athafnir og samskipti íbúa sem valdið geta óþægindum eru brot á húsreglum þessum. Frá kl. 24:00 til 07:00 má enga háreysti hafa er raskað gæti svefnfriði manna í öðrum íbúðum.
- 2.gr.** Útidyr skulu jafnan vera læstar, svo og allar hurðir að sameiginlegu rými.
- 3.gr.** Óheimilt er að geyma muni, reiðhjól, barnavagna og -kerrur, fótabúnað eða annað það, sem veldur þrengslum, óþrifum eða óþrýði í sameigninni. Reiðhjól, barnakerrur og -vagna skal geyma í sérstakri geymslu. Bannað er að geyma vélhjól í húsinu. Ekki má skilja neitt eftir fyrir utan útihurðir eða á gangstéttum við húsið sem truflar eðlilega umferð.
- 4.gr.** Sameiginleg bílastæði eru eingöngu ætluð fyrir nothæfa bíla og verða númerslausir bílar, kerrur, tjaldvagnar og hjól- eða fellihýsi fjarlægð af bílastæðunum.
- 5.gr.** Ekki má hengja þvott á svalir ofan svalahandriðs. Óheimilt er að geyma á svölum hússins nokkuð, sem valdið getur óþægindum eða spillt getur útliti. Bannað er að hreinsa á svölum gólfteppi eða dregla.
- 6.gr.** Allt dýrahald er stranglega bannað í leiguíbúðum Hafnarfjarðarbæjar.
- 7.gr.** Bannað er að aðhafast nokkuð eða hafa til geymslu eitthvað sem óþrifnaður eða óþefur er af. Þá er jafnframt óheimilt að geyma eldfim efni eða sprengiefni í húsinu. Sorp skal sett í umbúðir og vandlega lokað fyrir svo ekkert losni úr þeim á leið niður sorprásina. Allt endurvinnanlegt sorp skal sett í endurvinnslustöðvar Sorpu.
- 8.gr.** Íbúar skipta með sér að jöfnu afnotum af sameiginlegu þvottahúsi, þar sem það á við, samkvæmt reglum sem um það hafa verið settar.
- 9.gr.** Leigjendur eru ábyrgir fyrir sameiginlegum skyldum sínum við þrif á sameign, þar sem það á við.
- 10.gr.** Reykingar eru bannaðar í sameign hússins.
- 11.gr.** Öll atvinnustarfsemi er óheimil í íbúðum í eigu Hafnarfjarðarbæjar, á lóð þeirra og í sameign.
- 12.gr.** Gangi húsreglur í viðkomandi húsfélagi lengra en þessar ber leigutaka að virða þær.

Brot á reglum þessum geta valdið riftun á húsaleigusamningi.

Hafnarfirði, dags.

Ég undirrituð/aður staðfesti með undirskrift minni að ég hef kynnt mér húsreglurnar hér að ofan.

Samþykkt af Húsnæðisteymi 11.01.2013